



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Embætti landlæknis

Reykjavík 8. apríl 2021

### **Efni: Notkun og ávísun svefnlyfja til barna**

Í fréttum Ríkissjónvarpsins var nýlega fjallað um mál ungs barns sem varð fyrir alvarlegri eitrun vegna of stórs skammts af svefnlyfi. Í sömu frétt er vísað í gögn frá embætti landlæknis sem sögð eru sýna fram á að svefnlyfjanotkun barna undir sex ára aldri hafi ekki verið meiri í tuttugu ár.

Á heimasíðu embættis landlæknis er að finna umfjöllun frá annars vegar 2016 og hins vegar frá 2018 þar sem fjallað er um aukningu á notkun svefnlyfja meðal barna á Íslandi, og kemur þar fram, að sprenging hafi átt sér stað í ávísunum svefnlyfja til barna allt frá árinu 2008. Af framangreindu er ljóst að upplýsingar um tilvist vandans og umfang hans hafa legið fyrir í langan tíma sem kallar á skjótar og sértækar aðgerðir.

Samkvæmt 4. gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, er hlutverk landlæknis m.a. að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Þá gefur embættið út leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun lyfja en þar segir að lyf eigi ætíð að vera síðasta val við svefnvanda og þá eingöngu þegar önnur úrræði hafa verið reynd til fullnustu.

Með vísan til framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort landlæknir hyggst setja fram frekari leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsfólks til þess að sporna við þessum vanda og tryggja að svefnlyfjum sé aðeins ávísað til barna í takmarkaðan tíma og þá eingöngu ef önnur tiltæk úrræði hafa verið fullreynd.

Samkvæmt lögum um landlækni er hlutverk landlæknis einnig að veita m.a. almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verkswiði embættisins. Með vísan til þess óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort landlæknir hyggst efla og bæta fræðslu

til foreldra barna á öllum aldri um góðar svefnvenjur og leiðir til að stuðla að bættem svefni barna.

Þá óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort landlæknir hafi í hyggju að ráðast í rannsókn á orsökum þess að þessi gífurlega fjölgun hefur orðið á ávísunum svefnlyfja til barna, en ljóst er að taka þarf til skoðunar, hvort fjölga þurfi úrræðum fyrir börn í svefnvanda ásamt því að bæta aðgengi foreldra þeirra að ráðgjöf og stuðningi.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna